



Reykjavík, 20. apríl 2026

USK25030045

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 5. mars 2025, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að erindi Isavia frá árinu 2023 um breytingu á deiliskipulagi vegna aðflugsljósa fyrir Reykjavíkurflugvöll, verði lagt fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur við fyrsta tækifæri.

Greinargerð fylgdi tillögunni:

Ljóst er að óhæfilegur dráttur hefur orðið á vinnslu málsins. Í breytingunni, sem lögð er til, felst minni háttar stækkun, hækkun og hliðrun á byggingarreitum, auk minni háttar hliðrun á göngu- og hjólastíg samkvæmt fyrirbyggjandi uppdráttum. Um er að ræða mikilvægt öryggismál vegna aðflugs að Reykjavíkurflugvelli.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa. 12. mars 2025.

Umsögn:

Ekki er að finna í málakerfi Reykjavíkurborgar að sótt hafi verið um breytingu á deiliskipulagi þar sem lagt er til „minni háttar stækkun, hækkun og hliðrun á byggingarreitum, auk minni háttar hliðrun á göngu- og hjólastíg samkvæmt fyrirbyggjandi uppdráttum.“ Fyrirspurn um sama erindi var svarað með umsögn 20. mars 2025.

Virðingarfyllst,
Brynjar Þór Jónasson
Umhverfis- og skipulagssvið
Skipulagsfulltrúi

Umsögn skipulagsfulltrúa 20. mars 2025.



Reykjavík



FYRIRSPURN - Starhagi / aðflugsljós við Suðurgötu


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2024 var lögð fram fyrirspurn Axel Kaaber, dags. 18. desember 2023, um breytingu á deiliskipulagi Starhaga vegna aðflugsljósa fyrir Reykjavíkurflugvöll. Í breytingunni sem lögð er til felst minniháttar hækkun á byggingarreitum, stækkun á byggingarreit B og hliðrun á byggingarreitum austan við reit B, auk minniháttar hliðrun á göngu- og hjólastíg, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð, dags. 27. nóvember 2023. Einnig er lögð fram kynning, ódags. og skýringaruppdráttur sem sýnir umfang breytinga, dags. 2. febrúar 2024. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra náttúru og garða, dags. 7. mars 2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag Starhaga - aðflugsljós fyrir Reykjavíkurflugvöll



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun gildandi aðalskipulags er svæðið að mestu eða öllu leyti innan skilgreinds strandsvæðis (ST5) auk þess sem strandlengjan er hverfisvernduð.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Starhagi – aðflugsljós fyrir Reykjavíkurflugvöll, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda þann 27. janúar 2017.


Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi fyrirkomulag á umfangsmeiri búnaði aðflugsljósa sem krefst hækkunar hæðakóta og stækkunar byggingareita. Með greinargerðinni fylgdu með tölvumyndir frá mismunandi sjónvinklum til að sýna fyrirferð stækkaðra undirstaða og útlits þeirra. Í tillögunni má greina viðleitni hönnuða til nýrrar nálgunar á þann hátt að byggja um leið undir áningastaði fyrir almenning með tilvitnun í athafnasögu grásleppusjómannanna við Ægissíðu og almenna útivist dagsins í dag við strandlengjuna. Þar má sjá netta spretti í formi rólna og göngubryggju svifandi ofan við fjörulífið þar sem gætir að- og fráfalls. Óneitanlega er nokkur fyrirferð í upphengdum bjálkum, grindum og fiskinetum ef koma á fyrir lendingarljósum en vel má sjá fyrir sér að útfærslan byggi undir upplifun almennings á náttúrunni og þeirra sem njóta að fylgjast með flugvélum.



Í minnisblaði frá skrifstofu umhverfisgæða á umhverfis- og skipulagssviði dags. 7. mars 2024 var áréttuð fyrri afstaða sérfræðinga skrifstofunnar er snýr að náttúru og verndun hennar vegna stækkana byggingarreita (minnisblað 3. febrúar 2014) þar sem „áhrif á náttúru og vistkerfi skipulagssvæðisins væru vanmetin þar sem fjöldi og dreifing byggingarreita leiði óneitanlega til að rask á svæðinu verði allverulegt og að miklu leyti innan við eða í jaðri hverfisverndaðs svæðis. Einnig tekur tillagan ekki tillit til mögulegra neikvæðra áhrifa ljósmengunar á lífríki. Þá eru áhrifin á landslag og upplifun mjög neikvæð og við drögum í efa að hægt verði að fella mannvirkin að umhverfinu þar sem tækifæri til að dylja þau eru mjög takmörkuð á þessu svæði. Ásýnd svæðisins í nánd og allmikilli fjarlægð, sérstaklega frá öðrum hlutum strandlengjunnar, muni því breytast mikið til hins verra.“

Í niðurstöðum minnisblaðsins nú mátti greina efasemdir um tillögu hönnuða á útfærslunni:
„Áhyggjuefni er að samkvæmt tillögunum þarf að koma fyrir fjölmörgum undirstöðum fyrir grindurnar, sem ljósin eiga að hvíla á, sem ef illa tekst til mun valda miklu raski. Þrátt fyrir metnað í útfærslu eiga ofangreindar niðurstöður minnisblaðs frá 3. feb. 2014 enn við og eru hér ítrekaðar“.



Niðurstaða

- Kanna verður með rannsóknum hvort umhverfið og umhverfisaðstæður henti undir jafn óhefðbundnar undirstöður og tillagan sýnir fyrir lendingarljós flugvéla
- Kanna verður til hlítar hvort hægt sé að samþætta almennings- og upplifunarrými innan sömu mannvirkja / undirstaða sem bera uppi ljóssamstæður út frá öryggisstöðlum og öryggissjónarmiðum
- Kanna verður með vind- og hljóðgreiningu hvort ónæði og / eða hljóðmengun sé af mannvirkjum þessum
- Marka verður stækkaða nýja byggingarreiti undir aðflugsljósin og afleiddar grindur og bryggjur með tilliti til niðurstaðna rannsókna
- Lagt er til að útlit og formgerð jafn áberandi mannvirkis í borgarumhverfinu verði ígrundað betur með því að umsóknaraðili ISAVIA bera tillöguna undir ýmsa hagaðila á svæðinu
- Vinna þarf tillögu að deiliskipulagsbreytingu sem verður auglýst berist umsókn

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík

